

Breyttist sem listamaður

Hallgrímur Helgason með nýja myndlistarsýningu. 20



Látum okkur líða betur!

Forsetinn hefur stofnað til Íslensku Lýðheilsuverðlaunanna. 18



Man tímana tvenna

Helga Gröndal, einn dyggasti áskrifandi Morgunblaðsins, rifjar upp gamla tíma. 8

19. MARS 2023

SUNNUDAGUR

Morgunblaðið

Tæknin slær á töfrana

„Tæknin er búin að taka yfir samfélagið og í mínum huga er misskilningur að hún sé viðbót við það sem fyrir var. Hún umbreytir öllu sem fyrir var,“ segir dr. Viðar Halldórsson, prófessor í félagsfræði, sem er að rannsaka þetta mál með tilliti til áhrifanna á félagsheim okkar. 14



VIÐTAL

Hnignun hinna félagslegu töfra

Félagsheimur okkar á undir högg að sækja vegna tækni-framfara, sérstaklega eftir heimsfaraldurinn. Þetta segir dr. Viðar Halldórsson, prófessor í félagsfræði, sem hefur verið að skoða umbreytingu samfélagsins til frekari einstaklingsvæðingar sem skapað hefur margvísleg vandamál.

Orri Páll Ormarsson orri@mbl.is

Óddi, félagsvísindahús Háskóla Íslands, iðar af lífi á þessu hjarta en hrollkalda eftirmiðdegi. Námsmenn niðursokknir í samtöl eða að flýta sér í næstu kennslustund. Það er eins og hvert skref, hvert orð hafi tilgang þegar heimurinn og lífið sjálf eru að opnast fyrir manni. Heimsfaraldur kórónuveirunnar, sú ótíð, virkar fjarlæg minning. Dr. Viðar Halldórsson, prófessor í félagsfræði, tekur glaðlega á móti okkur Kristni ljósmyndara á skrifstofu sinni. Ég rek fyrst augun í áritaða treju af Jamie Vardy, miðherja enska knattspyrnu-liðsins Leicester City. Menn sem halda með Leicester hljóta að vera óhræddir við að fara ótroðnar slóðir. Þarna eru líka myndir af Björk, Robert De Niro og fleirum. Annar langveggur skrifstofunnar er þakinn fræðiritum og öðrum bókum en hinn spriklar beinlínis af fjöri; þrjár samliggjandi tússtöflur eru stútfullar af orðum og hugleiðingum – í alls konar litum. „Þetta er umræðuefni dagsins,“ segir Viðar hlæjandi.

Það eru orð að sönnu. Ákveðin pæling hefur tekið yfir líf prófessorsins síðasta árið eða svo og okkur langar að vita meira.

„Covid var erfitt en mjög áhugavert tímabil,“ byrjar Viðar. „Þegar faraldurinn var í rénun hitti ég mann sem spurði hvort fjarkennslan, sem þá var stunduð, hafi ekki verið stórkostleg lausn og hvort allt yrði ekki framvegis með þeim hætti hér í Háskóla Íslands og víðar. Sjálfur var ég efins og þetta vakti mig til umhugsunar og ég fór að skoða þetta áhugaverða mál út frá félagsfræðinni og félagslegum samskiptum okkar mannanna. Hvað er þetta félagslega, hvaða máli skiptir það, og hvað gerist þegar félagsleg samskipti okkar þverra?“

Nýtur ekki alltaf sannmælis

Viðar segir þetta félagslega ekki alltaf njóta sannmælis. Þannig séu félagsgreinar ekki eins hátt skrifaðar og raungreinar í háskólum og samfélaginu yfirhöfuð og félagsleg störf oftan en ekki verr launuð en önnur störf. Það helgist meðal annars af því að þau séu ekki eins hlutlæg og sum önnur störf og fyrir vikið ekki eins auðvelt að bregða mælistiku á mikilvægi þeirra fyrir samfélagið.

Engum blöðum er um það að fletta að tækni-in var í hlutverki bjargvættarins í heimsfaraldurinum; hún hélt ýmsu gangandi, svo sem kennslu í skólum og fjölmörg fyrirtæki héldu sér á lífi með fjarvinnu starfsmanna sem varla hefði verið hægt fyrir daga nútíma-tæknilausna. „Við höfum hleypt tækninni inn á öll svið lífs okkar og hún er okkur flestum töm. Tæknin er alla jafna merki um framfarir á mörgum sviðum mannlífsins og framtíðina sjálfa. Fyrir vikið virkar tækniþróun eðlileg og sjálfsögð þróun. En það má setja spurningarmerki við áhrif slíkra tækniþreyinga á líf okkar og tilveru,“ segir Viðar.

Hann minnr á að samstaða fólks hafi verið algjör í covid og þess vegna hafi án átaka verið hægt að gera nauðsynlegar breytingar á högum okkar meðan á faraldurinum stóð. Allir reru í sömu átt vegna erfiðra ytri aðstæðna.

Fjarvinna var normið hjá flestum sem hana gátu stundað og Viðar veltir fyrir sér hvort þetta ástand hafi ýtt undir félagslega einangrun til lengri tíma í stað þess að stuðla að

samskiptum manna á milli. „Þá er ég að tala um fjarnám, fjarvinnu og annað slíkt. Tæknin hefur líka haft aðrar afleiðingar, bankar loka hverju útibúinu af öðru og pósthús heyrna nánast sögunni til. Að ekki sé talað um sjálfsafgreiðslu í verslunum og spjallmenni á vefsíðum fyrirtækja. Í dag er mjög auðveldlega hægt að fara gegnum heilan dag án þess að tala beint við nokkra manneskju. Auðvitað auka þessar tæknilausnir á þægindi okkar og spara okkur tíma en um leið er hætt við því að þær dragi úr félagslegum samskiptum.“

Maður er manns gaman og allt það. Er ekki líka sagt að enginn maður sé mennskur nema í samfélagi við aðra menn? Það fara alls konar leiftur úr fortíðinni gegnum kollinn á manni þegar maður er aftur staddur í því góða húsi Odda.

Töfrarnir snúa aftur

Viðar segir þessa þróun í anda skynsemi-svæðingar upplýsingaraldarinnar, þar sem upprisa vísindanna dró til að mynda úr trúarlegri hegðun. Talað er í því sambandi um afhelgun samfélagsins. „Allt snerist um skilvirkni og mikla framleiðni sem ýtti undir iðnvæðinguna og allt það sem auðvitað hefur létt okkur lífið til mikilla muna. En hraðinn var slíkur að fólk upplifði sig í einhverju firringarástandi, samanber myndlíkingu Max Webers um að fólk væri fangað í einhvers konar járnbur. Fólk gleymdi að njóta samvista, töfrar samfélagsins hurfu og lífið varð innantómt. Um miðja 20. öldina kemur dægurmenningin fram til að bregðast við þessum ófullnægðu þörfum um félagslegt samneyti og fólk fór á ný að fá útrás fyrir samveru með öðrum. Ég er að tala um Elvis, Bítlanu, bíómyndirnar og allt það. Fólk kom saman í fjölmönnum hópum, stemning myndaðist og fólk fékk útrás fyrir tilfinningar og nánd og sleppti jafnvel fram af sér beislinu.“

Auðvitað nýtur fólk ennþá viðburða saman en tæknin gerir okkur á hinn bóginn kleift að upplifa allt mögulegt út af fyrir okkur. Hér áður voru flestir á sömu blaðsíðu, þannig lagað séð. Á kaffistofnu var rætt um nýjustu vendingar í Løðri eða Dallas daginn eftir síðasta þátt, allir höfðu séð sama kappleikinn í sjónvarpinu eða bara hlýtt á Eldhúsdagsumræðurnar í útvarpinu. Nú er enginn sameiginlegur samræðuflötur lengur, nema þá helst Áramótaskaupið, Júrúvísjón og handboltalandslíðið á stórmóti. „Annars er bara hver í sínu horni og það verður ekkert samtal,“ segir Viðar.

„Tæknin er búin að taka yfir samfélagið og í mínum huga er misskilningur að hún sé viðbót við það sem fyrir var. Hún umbreytir öllu sem fyrir var. Tæknilausnirnar eru saklausar einar og sér en þegar þær safnast saman hefur það áhrif því þá kvarnast úr félagslegum tengslum okkar við aðra. Hver getur til dæmis andmælt því að samfélagsmiðlar hafi tekið yfir líf okkar? Það er engin tilviljun að sjó af tíu verðmætustu fyrirtækjum heims starfi á vettvangi tækni og fjölmiðlunar – og þau stjórna lífi okkar að miklu meira leyti en flest okkar gera sér grein fyrir. Í stað þess að hittast og koma saman eigum við samskipti á netinu. Og það sem verra er; þessi samskipti eru á forsendum stórfyrirtækjanna, sem vilja að við tölum saman á netinu þannig að þau



„Dag einn upplifði ég svo bara svona Eureka-augnablik. Ég verð að greina þessa umbreytingu samfélagsins!“ segir dr. Viðar Halldórsson.

geti fylgst með hegðun okkar og grætt meira á okkur. Það kostar að eiga samskipti í gegnum tæknimiðlana.“

Allir voru í símanum

Sjálfum verður mér hugsað til brúðkaupsveislu sem ég mætti í fyrir nokkrum árum. Ég vissi að eitt borð var á bak við mig í salnum en undraðist að heyrja hvorki hósta né stunu þaðan. Þegar ég sneri mér við kom skýringin í ljós; hver og einn veislugestur var upptekinn í símanum sínum. Að tala við einhverja allt aðra en þá sem voru á staðnum og sátu með þeim til borðs.

„Nákvæmlega,“ segir Viðar. „Félagslegum samskiptum fer hnignandi. Félagsvirkni okkar er að umbreytast yfir í samskipti við og gegnum tækin okkar. Þetta getur í sumum tilvikum verið hagkvæmt og sparað tíma en samskipti af þessu tagi eru eðli málsins samkvæmt alltaf lakari og gefa okkur minna. Fyrir utan að þau geta auðvitað valdið misskilningi og jafnvel óþægindum.“

Nærtækasta dæmið eru samskipti Haraldar Þorleifssonar og Elons Musks á Twitter á dögunum. „Eins og Musk talaði sjálfur um og allir sáu þá er Twitter ekki besti staðurinn fyrir samskipti af þessu tagi enda flæktist málið bara meira og meira með hverju tísti. Það tapast alltaf eitthvað úr okkar breiðu samskiptum, augliti til auglitis, þegar við tölum saman á netinu. Þegar fólk kemur saman, eins og við tveir núna, leysist alltaf eitthvert ósýnilegt afl úr læðingi og til verður það sem ég kalla félagslega töfra. Samskiptin öðlast sitt eigið líf og miðlun upplýsinga er miklu öruggari og betri en ef við værum að tala saman í síma eða á netinu. Með þeim hætti glatast alltaf eitthvað af þessum félagslegu töfrum. Mennskan týnist. Miðillinn verður merkingin, í anda Marshalls McLuhans.“

Að sögn Viðars geta félagslegir töfrar verið af ýmsu tagi, svo sem ástríða milli elskenda eða að skora sigurmarkið á HM í knattspyrnu. Nú eða bara að vera einhvers staðar innan um fólk. Það þarf ekkert endilega neitt sérstakt að vera á seyði. Sigurmarkinu á HM má vitaskuld fagna hvar sem er, fyrir atbeina tækninnar, en ekkert jafnast þó á við að vera á staðnum sjálfum – í hringiðu alsælunnar. „Par verða töfrarnir til.“

Einmanaleikaráðuneyti

Viðar harmar að þessir félagslegu töfrar séu á undanhaldi. Búið sé að telja okkur trú um að við megum ekki missa af neinu og fyrir vikið nálgumst við upplifanir okkar í auknum mæli gegnum snjalltækin, sem halda að okkur dægradvöl og neyslumenningu. „Það er alltaf verið að selja okkur eitthvað – alls staðar. Og oftan en ekki eru það hlutir sem við höfum enga þörf fyrir. Þessi samskipti veita okkur ekki sömu nánd og hefðbundin mannleg samskipti gera. Töfrar geta líka verið fölgirnir í því að hitta mann á förnum vegi. Það hefur kvarnast mikið úr sameiginlegum snertiflötum okkar í nærumhverfinu.“

Af þessu leiðir að við erum, að sögn Viðars, að færast úr samfélagi heildarhyggju yfir í samfélag einstaklingshyggju. „Það er engin tilviljun að kvíði og þunglyndi eru að aukast. Kulnun er líka angí af þessum meði. Einmanaleiki hefur færst í vöxt og það segir sína sögu að stórbjóðir á borð við Bretland og Japan hafi sett á laggirnar sérstakt einmanaleikaráðuneyti. Um leið og dregur úr félagslegum samskiptum þá hverfur margt úr nærumhverfinu sem veitir okkur öryggi og uppfyllir þarfir okkar.“

Bandaríski félagsfræðingurinn C. Wright Mills benti á sínum tíma á, að ef fáir einstaklingar glíma við kvíða og vanlíðan þá er



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon



Morgunblaðið/Valli



Ljósmynd/Viðar Halldórsson

skýringanna að leita hjá einstaklingunum. „En ef kvíði og vanlíðan eru almenn vandamál þá bendir það til að eitthvað er að í formgerð samfélagsins,“ segir Viðar. „Er það mögulega vegna þess að tæknin er farin að stýra okkur og að við höfum glatað ákveðinni nánd sem bara fæst úr beinum samskiptum við aðra? Það er áhyggjuefni að firring virðist vera að aukast og að fleiri og fleiri séu einmana og utanveltu í samfélaginu.“

Hver í sínum bergmálshelli

Mikið hefur verið rætt og ritað um vaxandi skautun í samfélaginu og Viðar segir engan vafa leika á því að aukin hatursorðræða og ójöfnuður séu afleiðing þess félagslega kerfis sem sé að byggjast upp. Hver bergmálshellirinn sé upp af öðrum og meðan menn tali bara í sinn hóp og heyri aldrei sjónarmið annarra þá herðist þeir bara og forherðist í sínum skoðunum. „Um leið og menn setjast hins

vegar niður með þeim sem hafa aðrar skoðanir en þeir sjálfir og hlusta á þeirra röksemdir og sjónarmið þá eykst víðsýnin og menn skilja aðra betur – og leyfa sér jafnvel að skipta um skoðun. Háttalag Elons Musks um daginn er gott dæmi um það. Við þurfum meira samtal þvert á stéttir og stöður.“

Hann segir skautun fyrirferðarmikið um-ræðuefni í heimi félagsvísindanna um þessar mundir enda líti menn á það sem „töfrasósu lýðræðisins“ að fá fólk sem er á öndverðum meidi til að setjast niður af yfirvegum og tala saman. Í stað þess að skiptast á fúkyrdum og upphrópunum á netinu.

Því meira sem menn einangrast þeim mun andfélagslegri geta þeir orðið. „Við þær aðstæður tapast traust. Einmitt þess vegna eru félagsleg samskipti dýrmætasta auðlind samfélagsins. Þau eru uppspretta framfara og nýsköpunar eða eins og þróunarlíffræðingurinn Joseph Henrich hefur bent á, þá eru

okkur allir vegir færir með sameiginlegum hugum samfélagsins.“

Viðar bendir á að tæknin geri okkur kleift að vera meiri stjórnendur í eigin lífi. Ekki þurfi til dæmis að bíða lengur eftir þáttum í sjónvarpi eða útvarpi í línulegri dagskrá. Við horfum bara eða hlustum þegar okkur hentar. Fyrir utan að við getum valið allt mögulegt á hinum ýmsu efnisveitum. „Það getur auðvitað verið mjög gott en á móti kemur að við erum líklegri til að horfa eða hlusta ein og ekki með öðrum. Fyrir vikið dregur úr tengingunni og samskiptunum við annað fólk. Ætli heitu pottarnir í sundlaugunum séu ekki síðasta vígið, þar sem fólk af ólíkri stétt og stöðu kemur saman og skiptist á upplýsingum og skoðunum. Það er áhyggjuefni.“

Fólks mynd?

Samfélagsmiðlar hafa seilst langt í seinni tíð og eru snar þáttur í lífi flestra. Að dómi Við-

Það er engin tilviljun að sjö af tíu verðmætustu fyrirtækjum heims starfi á vettvangi tækni og fjölmiðlunar.

ars hverfast þeir ekki síst um stöðu og ímynd og þar er lífið oft og tíðum yfirborðskenndara en í veruleikanum. Margir hafi tilhneigingu til að sýna bara góðu myndirnar og birta bara góðu fréttirnar, það er draga upp villandi og jafnvel falska mynd af sínu lífi. „Allt ber þetta að sama brunni. Við tölum allt öðruvísi á samfélagsmiðlum en við gerum augliti til auglitis. Þar náum við miklu frekar sameiginlegum grundvelli með öðrum og erum líklegri til að eiga heiðarlegra og uppbyggilegra samtal.“

– Nú er yngra fólki líklega háðara tækjunum sínum en við sem eldri erum. Er ástæða til að óttast að það komi til með að syrta enn frekar í álinn?

„Ekki endilega. Auðvitað tekur unga fólkið hluti sem það elst upp við áfram með sér og það á að sjálfsögðu við um snjalltækin. Vanda málin í dag eru ekki síður hjá elstu kynslóðunum. Ég held hins vegar að covid hafi verið ákveðin viðvörðun. Margir einangruðust meira en þeir höfðu gott af, ekki síst námsmenn, og ég veit að margir voru mjög ánægðir að komast aftur í skólann eftir að slakað var á samkomubönnum og -takmörkunum. Sjálfum finnst mér eins og mæting í kennslustundir sé betri núna en fyrir covid. Fólk þyrstir í félagsleg tengsl.“

Fyrir skömmu fór Viðar á Austfirði og hélt þar fyrirlestur fyrir framhaldsskólanema um pælingar sínar sem hér hafa verið reifaðar. „Það var mjög athyglisvert að krakkarnir horfðu beint í augun á mér, kinkuðu kalli, og tengdu greinilega við það sem ég var að segja. Þau voru sammála mikilvægi þess að tilheyra hópi og að efna til samtals um alla mögulega hluti. Við erum ekki að fara að stöðva tækniþróunina en látum hana ekki stjórna lífi okkar. Og sérstaklega ekki þar sem hún er á forsendum alþjóðlegra tæknirisa.“

Eins og fyrr segir hefur Viðar verið vakinn og sofinn yfir þessum vangaveltum síðasta árið eða svo og verður áfram. Hann er með bók í smíðum, þar sem hann greinir samfélagið út frá ljósmyndum, og segja má að það hafi verið ákveðin upptaktur að því sem hann hefur lýst hér. „Dag einn upplifði ég bara svona Eureka-augnablik. Ég verð að greina þessa umbreytingu samfélagsins! Þetta er búið að helta mig síðustu mánuði og ég sé alls staðar eitthvað sem tengist þessum vangaveltum. Núna er ég að reyna að flokka þessa flóknu félagslegu ferla,“ segir hann og gjóar augunum á töflurnar á veggnum, „og er með bókardrög í vinnslu.“

Viðvörðunarbjöllur hringja

Til að draga þetta saman segir Viðar höfuðatriðið að félagsheimur okkar eigi undir högg að sækja vegna tækniframfara, sérstaklega eftir heimsfaraldurinn sem gaf tæknivæðingu samfélagsins byr undir báða vængi. Umbreytingin sem við séum að ganga gegnum hafi í för með sér að félagsheimur okkar verður fátæklegri, þar sem hann verður í ríkari mæli á forsendum einstaklinga en heildarinnar, sem og í gegnum tæki og tól frekar en í augliti-til-auglitis-samskiptum.

„Þetta er mín greining á nútímavæðingunni. Þessi þróun skapar alls kyns vandamál þar sem félagslegum þörfum okkar er ekki sinnt og félagslegir töfrar eru á undanhaldi. Til þess að bregðast við þessari þróun þurfum við að átta okkur á stöðunni sem upp er komin. Við megum ekki ýta félagslegum veruleika út af borðinu þægindanna vegna. Við verðum að gera okkur grein fyrir verðmæti hins félagslega fyrir líðan okkar sjálfra og fólksins í kringum okkur. Ekki misskilja mig, heimurinn er miklu betri í dag en hann var fyrir 30 eða 100 árum en viðvörðunarbjöllurnar hringja eigi að síður. Við þurfum að vera meðvitað um þróunina.“

Á leiðinni út í bíl gef ég fólkinu, sem enn er á þönum um allan Odda, enn betri gaum en áður. Hvað ef það væri ekki þarna? Væri þá einhver háskóli?

Boltinn er ekki bara hjá dr. Viðari Halldórssyni. Heldur líka hjá mér. Og þér.